

**Sjúkratryggingar Íslands**

**08 202**

**Ársreikningur 2023**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstjóra .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	<b>6</b>
Skýringar .....	<b>7</b>

**Sjúkratryggingar Íslands**

**kt. 480408-0550**

**Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstjóra

Sjúkratryggingar Íslands eru ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli laga um sjúkratryggingar. Stofnunin annast framkvæmd sjúkratrygginga og jafnframt semur hún um og greiðir fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt nánari stefnumörkun ráðherra.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 32 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 2.180,0 milljónir og afkoma kr. -11,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 29,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 322,4 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstjóri staðfestir hér með ársreikning Sjúkratrygginga Íslands fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Sigurður Helgi Helgason  
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	2.125.900.000	1.995.600.000
Seld þjónusta .....	3	9.007.132	7.184.903
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	19.071.711	18.943.062
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		0	20.396
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	25.989.009	24.508.180
<b>Tekjur samtals</b>		<b>2.179.967.852</b>	<b>2.046.256.541</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	3	1.548.176.950	1.455.517.317
Annar rekstrarkostnaður .....	4	617.469.433	535.664.630
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	5	14.889	8.989
Afskriftir og niðurfærslur .....	6	25.989.009	24.508.180
<b>Gjöld samtals</b>		<b>2.191.650.281</b>	<b>2.015.699.116</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(11.682.429)</b>	<b>30.557.425</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(56.682.429)	30.557.425
Rekstrartilfærslur .....		45.000.000	0
		<b>(11.682.429)</b>	<b>30.557.425</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....		72.629.791	263.441.583
Tengdir aðilar .....	7	148.697.080	66.933.333
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	8	20.521.989	20.228.595
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	9	45.746.507	52.726.599
Óefnislegar eignir .....	10	34.843.870	46.324.049
<b>Eignir samtals</b>		<b>322.439.237</b>	<b>449.654.159</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	23.030.079	106.485.517
Viðskiptaskuldir .....		40.115.131	52.447.485
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	148.907.795	150.063.487
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	80.587.881	99.176.890
<b>Skuldir samtals</b>		<b>292.640.886</b>	<b>408.173.379</b>
<b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b>		<b>29.798.351</b>	<b>41.480.780</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	14	29.798.351	41.480.780
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>29.798.351</b>	<b>41.480.780</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>322.439.237</b>	<b>449.654.159</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(11.682.429)	30.557.425
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	25.989.009	24.508.180
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(25.989.009)	(24.508.180)
		<u>(11.682.429)</u>	<u>30.557.425</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(293.394)	10.938.147
Tengdir aðilar .....		(165.347.923)	151.757.467
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(13.488.046)	(2.164.479)
		<u>(179.129.363)</u>	<u>160.531.135</u>
		<u>(190.811.792)</u>	<u>191.088.560</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(7.528.738)	(10.019.010)
		<u>(7.528.738)</u>	<u>(10.019.010)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		128.738	2.419.010
Fjárfestingarframlag .....		7.400.000	7.600.000
		<u>7.528.738</u>	<u>10.019.010</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(190.811.792)	191.088.560
		<u>263.441.583</u>	<u>72.353.023</u>
		<u>72.629.791</u>	<u>263.441.583</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....	2.013.800.000	0	7.400.000	2.021.200.000
Fjáraukalög .....	0	45.000.000	0	45.000.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>2.013.800.000</b>	<b>45.000.000</b>	<b>7.400.000</b>	<b>2.066.200.000</b>
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....				
Launabætur .....	67.100.000	0		67.100.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>2.080.900.000</b>	<b>45.000.000</b>	<b>7.400.000</b>	<b>2.133.300.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....	41.480.780	0	126.242	41.607.022
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>2.122.380.780</b>	<b>45.000.000</b>	<b>7.526.242</b>	<b>2.174.907.022</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(2.137.582.429)	0	(7.528.738)	(2.145.111.167)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>	<b>(15.201.649)</b>	<b>45.000.000</b>	<b>(2.496)</b>	<b>29.795.855</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbinding sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.



## Skýringar

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2023	2022
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	2.125.900.000	1.995.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	25.989.009	24.508.180
	<u>2.151.889.009</u>	<u>2.020.108.180</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	2.013.800.000	0	0	2.013.800.000
Fjáraukalög .....	0	45.000.000	0	45.000.000
Launabætur .....	67.100.000	0	0	67.100.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	0	0	0	0
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>2.080.900.000</b>	<b>45.000.000</b>	<b>0</b>	<b>2.125.900.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(2.137.582.429)	0	0	(2.137.582.429)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(56.682.429)</b>	<b>45.000.000</b>	<b>0</b>	<b>(11.682.429)</b>

	2023	2022
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Mötuneytistekjur .....	9.007.132	7.184.903
	<u>9.007.132</u>	<u>7.184.903</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	0	1.263.784
Ýmsar tekjur .....	19.071.711	17.679.278
	<u>19.071.711</u>	<u>18.943.062</u>

### 3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	1.252.536.863	1.163.794.774
Orlof, breyting .....	(2.204.867)	11.356.763
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar .....	2.246.595	0
Launatengd gjöld .....	279.928.555	260.859.038
Starfsmannakostnaður .....	15.669.804	19.506.742
	<u>1.548.176.950</u>	<u>1.455.517.317</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	129,9	130,9

## Skýringar

	2023	2022
<b>4 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	964.826	1.985.754
Ýmis tæki og áhöld .....	3.698.093	9.989.428
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	1.362.984	1.741.866
Orkugjafar .....	6.779.992	6.463.870
Matvæli .....	41.436.255	37.613.780
Almennar rekstrarvörur .....	3.084.465	3.450.458
Vörukaup, almenn	57.326.615	62.982.882
Ýmsar sérgreindar vörur .....	72.198	298.084
Vörukaup, sérgreind	72.198	298.084
Fundir, námskeið, risna .....	1.918.147	3.469.046
Ferðir, uppihald .....	2.399.199	1.146.922
Akstur .....	734.825	735.863
Sérfræðiþjónusta .....	220.156.673	159.246.086
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	7.483.216	8.150.877
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	2.102.928	2.684.600
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	17.310.839	18.432.751
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	252.105.827	193.866.145
Samningsbundin kaup og leiga .....	5.539.590	5.185.296
Afnotagjöld .....	90.830.603	72.307.145
Leigugjöld .....	186.985.673	173.862.696
Notkun véla og flutningatækja .....	1.645.158	1.802.419
Verkkaup .....	15.656.865	20.340.500
Kostnaðarhlutdeild .....	5.114.809	4.766.658
Tryggingar, lögboðnar .....	154.175	142.212
Opinber gjöld .....	2.037.920	110.593
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	307.964.793	278.517.519
Annar rekstrarkostnaður samtals	617.469.433	535.664.630
<b>6 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	13.835.062	13.600.885
Farartæki og vélar .....	673.768	673.768
Sölutap og úreltar eignir .....	0	15
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	11.480.179	10.233.512
	25.989.009	24.508.180

## Skýringar

31.12.2023 31.12.2022

### 7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	112.816.428	0
Aðrir ríkisaðilar .....	35.880.652	66.933.333
	<u>148.697.080</u>	<u>66.933.333</u>

#### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	94.686.346
Aðrir ríkisaðilar .....	23.030.079	11.799.171
	<u>23.030.079</u>	<u>106.485.517</u>

### 8 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	404.572	43.180
Skattar .....	20.117.417	20.185.415
	<u>20.521.989</u>	<u>20.228.595</u>

### 9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	43.678.455	49.984.779
Farartæki og vélar .....	2.068.052	2.741.820
	<u>45.746.507</u>	<u>52.726.599</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 01.01.2023 .....	149.213.103	6.542.517	155.755.620
Viðbætur á árinu .....	7.528.738	0	7.528.738
Selt/úrelt á árinu .....	(6.879.393)	0	(6.879.393)
	<u>149.862.448</u>	<u>6.542.517</u>	<u>156.404.965</u>
Afskriftir 01.01.2023 .....	99.228.324	3.800.697	103.029.021
Afskrift ársins .....	13.835.062	673.768	14.508.830
Selt/úrelt á árinu .....	(6.879.393)		(6.879.393)
	<u>106.183.993</u>	<u>4.474.465</u>	<u>110.658.458</u>
Staða 31.12.2023 .....	<u>43.678.455</u>	<u>2.068.052</u>	<u>45.746.507</u>

## Skýringar

### 10 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir .....	34.843.870	46.324.049
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2023:		<b>Hugbúnaður</b>
Stofnverð 01.01.2023 .....		57.400.905
Viðbætur á árinu .....		0
		<u>57.400.905</u>
Niðurfært 01.01.2023 .....		11.076.856
Niðurfærsla ársins .....		11.480.179
		<u>22.557.035</u>
Staða 31.12.2023 .....		<u>34.843.870</u>
	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>

### 12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	148.725.473	149.787.202
Önnur ógreidd gjöld .....	182.322	276.285
	<u>148.907.795</u>	<u>150.063.487</u>

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	80.590.377	99.050.648
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	(2.496)	126.242
	<u>80.587.881</u>	<u>99.176.890</u>

	<b>Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga</b>	<b>Fjárfestinga- fjárveiting</b>	<b>Samtals frestaðar tekjur</b>
Staða 01.01.2023 .....	99.050.648	126.242	99.176.890
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	7.400.000	7.400.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	7.528.738	(7.528.738)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(25.989.009)	0	(25.989.009)
	<u>80.590.377</u>	<u>(2.496)</u>	<u>80.587.881</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 26,2 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

## Skýringar

### 14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	41.480.780	10.923.355
Afkoma ársins .....	(11.682.429)	30.557.425
Jöfnuður 31.12. ....	29.798.351	41.480.780

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 15 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 192,2 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 274,7 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

#### Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.